

Fundargerð stjórnar (15)

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 17. nóvember 2021 og hófst kl. 16:00 og lauk kl. 16:53
Fundinn sátu: Helga Jónsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Matthías Matthíason. Jafnframt sat Bóas Hallgrímsson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar, frá 3. Nóvember, samþykkt
2. Framvinduskýrsla framkvæmdastjóra var kynnt fyrir stjórn, hana má finna undir gögnum 15. fundar.
3. Verkefni aðalfundar: Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:
 - Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
 - Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
 - Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
 - Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
 - Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
 - Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Framkvæmdastjóri skal leggja stjórnarformanni í hendur hvað mikilvægt er að greint verði frá á fundi. Boða þarf endurskoðunaraðila, KPMG, til fundar.

Margrét Pála, stjórnarmeðlimur og stærsti hluthafi ætti að koma að koma með tillögur um stjórnarmeðlimi fyrir næsta ár. Fram kom ábending um mikilvægi þess að huga vel að aldri, kyni og bakgrunni þeirra sem sitja í stjórn til þess að stjórn hafi breiða skýrskotun í samfélagið. Til að mynda væri gott að hafa talsmann foreldra í stjórn. Ábendingar komu fram um að æskilegt væri að einhver í stjórn hefði þekkingu á stjórnarsýslu og stjórnkerfum sveitarfélaga, einhver þekkti til í mannauðsmálum og rekstrarumhverfis skóla.

Framkvæmdastjóri finni til fundargerð síðasta aðalfundar til þess að hafa til hliðsjónar.

Hefð er fyrir því að fjármálastýra sé ritari aðalfundar.

Finna þarf fundarstjóra, Helga stjórnarformaður býður sig fram til verksins.

Dagsetning aðalfundar er mánudagurinn 29. Nóvember klukkan 16:00.

Fer aðalfundur fram á Miðstöð.

Framkvæmdastjóra er að senda fundarboð innan rétttra tímamarka

4. Viðræður við Reykjavíkurborg um framtíð skólastarfs Hjallastefnunnar í Öskjuhlíð: Helga greindi stjórn frá stöðu mála í viðræðunefnd. Tvær sviðsmyndir sem kynntar voru af fulltrúum borgarinnar koma enn til greina. Viðræðuhópur Hjallastefnunnar hefur verið skýr með það að þjónustusamningur verði ekki endurnýjaður ef rekstrargrundvöllur fyrir starfseminni verður ekki sjálfbær. Reykjavíkurborg hefur lagt mikla áherslu á það að jafnræðis sé gætt gangvart sjálfstætt starfandi skólum, viðræðuhópur Hjallastefnunnar tekur heilshugar undir það og biður um að gögn séu lögð fram sem sýna fram á jafnræði gagnvart skólum reknum í borginni. Mikil áhersla hefur verið lögð á að sérfræðingar á vegum beggja viðræðuhópa komi saman og fari yfir fjármálahluta viðræðnanna. Sérstök áhersla lögð á að vinna þurfi hratt og vel enda sé tíminn af virkilega skornum skammti.
5. Áhrif heimsfaraldurs á skólastarf hjá Hjallastefnunni. Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um þau áhrif sem Covid 19 faraldurinn hefur haft á skólastarf. Sumir skólar hafa þurft að grípa til þess að senda nemendur og starfsfólk í smitgát og sóttkví, kjörnum hefur verið lokað tímabundið vegna manneklu og jafnvel heilu skólunum eins og raunin hefur verið í Suðurnesjabæ. Flestir foreldrar og fjölskyldur hafa sýnt ástandinu mikinn skilning en þó hafa skólastýrir þurft að bregðast við harðorðum póstum frá ósáttum foreldrum vegna skerðinga á starfi.
6. Álag á skólastarfsfólk og viðbragð Hjallastefnunnar við þreytumerkjum og kulnun: Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um fyrirætlaðan fund með Þórkötlunni Aðalsteinsdóttur sálfræðingi sem mikla reynslu hefur af stjórnun og menntamálum. Þórkatla ætlar að ráða okkur um heilt og koma með tillögur að handleiðslu fyrir stjórnendur og góðar ráðleggingar fyrir Hjallastefnuna almennt.

Fundi slitið 16:53